

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Húsavík, 6 október 2017

Efni: Athugasemdir Landverndar vegna starfsleyfistillögu fyrir kísilverksmiðju PCC að Bakka í Húsavík

Vísað er til fyrri samskipta vegna umsóknar PCC BakkaSilicon hf. („PCC“) um starfsleyfi fyrir kísilverksmiðju á Bakka, sbr. umsókn frá september 2014. Tillaga að starfsleyfi var meðal annars auglýst á heimasíðu Umhverfisstofnunar 20. júlí 2017 og frestur til að skila athugasemdum var til 15. september sl. PCC hefur fengið afrit af athugasemdum sem bárust frá Landvernd eftir að frestinum lauk eða 20. september sl, en samtökin munu hafa fengið heimild til framlengingar á frestinum til 20. september sl. og bárust athugasemdir þá.

PCC telur nauðsynlegt að koma á framfæri andmælum vegna tiltekinna atriða í umsögn Landverndar, þar með talið leiðréttu rangfærslur sem þar er að finna. Til hægðarauka er fylgt sömu uppbyggingu og í athugasemdum Landverndar.

Í umsögninni er m.a. staðhæft að starfsemi PCC verði í ósamræmi við alþjóðlegar skuldbindingar hvað varðar losun gróðurhúsalofttegunda, muni rýra loftgæði í nágrenni verksmiðjunnar og að gert sé ráð fyrir verksmiðju án þess að samið hafi verið um rafmagnskaup eða raforkuflutning vegna hennar. Þá er vísað til þess að matsskýrsla og álit Skipulagsstofnunar sé verulegum annmörkum háð.

Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda og loftgæði í nágrenni verksmiðju

Staðhæft er að aukning koltvíoxíðsígilda vegna fyrirhugaðrar starfsemi PCC á Bakka verði „8% ef hún er reiknuð út miðað við heildarlosun Íslands árið 2015 án losunar frá landnotkun og landbreytingu (LULUCF) en 2,5% ef losun LULUCF er tekin með í reikninginn [...]“. Tekið er fram að þetta samræmist ekki stefnu Íslands í loftslagsmálum og að það breyti engu að verksmiðjan

heyri undir „hið evrópska losunarkerfi“ þar sem heildarlosun Íslands myndi aukast umtalsvert verði af starfsemi verksmiðjunnar.

Hvað þetta varðar vill PCC leggja áherslu á að um losunarheimildir og evrópska viðskiptakerfið gilda lög nr. 70/2012 sem voru m.a. sett til innleiðingar á skuldbindingum samkvæmt tilskipun 2003/87/EB. Losunarheimildum vegna starfsemi PCC verður því úthlutað af samevrópskum heimildum og mun fyrirtækið sækja um slíkar heimildir til Umhverfisstofnunar í samræmi við gildandi reglur. Íslenskum lögum og reglum verður því fylgt og alls óljóst hvernig unnt er að staðhæfa að starfsemi PCC sé sem slík í ósamræmi við alþjóðlegar skuldbindingar.

Hvað varðar loftgæði þá er í athugasemdunum vísað til þess að fram komi í álitum Skipulagsstofnunar að „augljóst [sé] að útblástur mengunarefna frá kísilmálmverksmiðju PCC á Bakka muni rýra loftgæði í nágrenni verksmiðjunnar og að áhrif þess verði nokkuð neikvæð“.

Hins vegar er þess ekki getið að í framhaldinu segir í álitum Skipulagsstofnunar:

„Niðurstöður útreikninga á styrk helstu efna sem losna út í andrúmsloft frá verksmiðjunni sýna að losunin verði hins vegar undir viðmiðum sem tilgreind eru í viðkomandi reglugerðum t.d er varða losun á brennisteinsdíoxíði, köfnunarefnisdíoxíði, vetniskolefnum og þrávirkum lífrænum efnum.“

Það er því álit Skipulagsstofnunar að losun efna út í andrúmsloftið vegna starfsemi PCC muni samræmast þeim reglum sem við eiga, þ.e. að losunin sé undir þeim viðmiðum sem gerð er grein fyrir í viðeigandi reglugerðum. Þá skal áréttað að í matsskýrslu, sem og gögnum sem lögð voru fram af hálfu PCC á meðan á mati á umhverfisáhrifum stóð, er að finna upplýsingar og gögn sem sýna að losun verði undir viðmiðunarmörkum reglugerða, sbr. m.a. kafla 6.1.2 sem ber heitið „Gögn og rannsóknir“ í matsskýrslu.

Annmarkar á álitum Skipulagsstofnunar

Vísað er til þess að í álitum Skipulagsstofnunar sé ekki fjallað um „tengdar framkvæmdir og verksmiðjunni háðar“ og vísað til virkjunar á þeistareykjum, orkuöflunar og flutnings rafmagns fyrir starfsemina. Sé átt sé við mat á sameiginlegum áhrifum þessara framkvæmda og sammögnunaráhrifa með hinni fyrirhuguðu framkvæmd, sbr. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 106/2000 og nánar tilgreind ákvæði tilskipunar 2011/92/EB. Hafi þannig meðal annars ekki í frummat- eða matsskýrslu verið gerð grein fyrir áhrifum nýtingar náttúruauðlinda á umhverfið, þrátt fyrir ákvæði d-liðar 3. tl. 2. mgr. 18. gr. þágildandi reglugerðar nr. 1123/2005.

Hvað þetta varðar skal tekið fram að Skipulagsstofnun skoðar hvort tilefni sé til þess að meta umhverfisáhrif framkvæmda sem er á sama svæði eða háðar hver annarri sameiginlega og tekur

ákvörðun um slíkt í samræmi við 2. mgr. 5. gr. laga nr. 106/2000. Ekki var farið fram á slíkt af hálfu stofnunarinnar, enda ekki tilefni til þess. Þá er rétt að taka fram að slíka ákvörðun verður almennt að taka áður en stofnunin tekur ákvörðun um matsáætlun viðkomandi framkvæmda.

Því er einnig mótmælt að ekki hafi verið fjallað um áhrif af nýtingu náttúruauðlinda. Rétt er að benda á að mati á umhverfisáhrifum var löngu lokið fyrir Þeistareykjavirkjun og fyrir orkuflutning. Í þessu tilviki er fyrirhugað að PCC muni kaupa orku frá virkjunum sem þegar höfðu lokið sínu undirbúningsferli að fullu, þar með talið á grundvelli laga nr. 106/2000. Jafnframt má benda á að sameiginlegt mat lá fyrir um starfsemi innan iðnaðarsvæðisins á Bakka og fyrrgreindrar orkuöflunar og -flutnings, en fyrir starfsemi á Bakka sem var verulega stærri að umfangi og áhrifum, þ.e. álver.

Þá skal tekið fram að hráefni sem nýtt er í verksmiðjunni kemur allt frá starfsemi sem hefur tilskilin leyfi í sínu heimalandi eða hérlendis. Vegagerð til og frá iðnaðarsvæðinu, sem nýttast mun svæðinu í heild sinni en ekki einungis PCC hefur sætt undirbúningsferli lögum samkvæmt og sú þjónusta sem PCC kaupir af höfninni, þ.e. geymslusvæði og umskipun er á hendi hafnaryfirvalda á Húsavík. PCC BakkiSilicon hefur því fjallað um alla þá þætti framkvæmdar sem fyrirtækið ber ábyrgð á og í samræmi við þær kröfur sem Skipulagsstofnun gerði í ákvörðun um matsáætlun.

Þá er gagnrýnt að áhrif af gríðarlegum efnisflutningum á umhverfið og úrgangi, eins og það er orðað, hafi ekki verið metin. Sérstaklega er gagnrýnt að það standist ekki sem fram kemur í 6. kafla starfsleyfisumsóknar að önnur umhverfisáhrif séu „umferð flutningabíla og skipa sem ekki tengjast rekstri kísilmálmverksmiðjunnar“.

Tekið skal fram að Landvernd gerði ekki athugasemdir við þetta atriði, hvorki vegna matsáætlunar eða frummatsskýrslu. Það eiga sér vissulega stað flutningar á hráefni, en að mati PCC eru þeir ekki verulegir að umfangi sé t.d. litið til landflutninga og má í dæmaskyni nefna olíuflutninga. Fram kemur í matsskýrslu að flutningar fari eftir sérstökum iðnaðarvegi, þ.e. framhjá byggð í Húsavík, sem lágmarkar hvers konar áhrif fyrir íbúa á svæðinu. Öllum gildandi reglum verður fylgt við efnisflutninga.

Umfang framleiðslu

Vísað er til þess í athugasemdum Landverndar að samkvæmt grein 1.2 í starfsleyfistillögu sé umfang framleiðslu PCC helmingi meira en nánar tilgreindir aðilar, sbr. upptalningu í sjö liðum, hafi heimilað og myndi nota fjóra ljósbogaofna í stað tveggja. Því er haldið fram að starfsleyfistillagan sé að þessu leyti í ósamræmi við önnur leyfi, samninga og forsendur.

Þessu er alfarið mótmælt sem röngu. Það er beinlínis gert ráð fyrir allt að 66.000 tonna framleiðslu í lögum nr. 52/2013 um heimild til samninga um kísilver í landi Bakka í Norðurþingi. Þannig segir

í 2. gr. laganna að kísilverið sé „hannað til framleiðslu á allt að 33 þúsund tonnum af kísilmálm á ári og með það fyrir augum að framleiðslugetan verði aukin upp í 66 þúsund tonn af kísilmálm á ári þegar aðstæður leyfa“. Jafnframt var gengið út frá þessu við mat á umhverfisáhrifum, sbr. t.d. bls. 3-4 í álitni Skipulagsstofnunar þar sem fram kemur að verksmiðjan muni framleiða um 33.000 tonn af kísilmálm á ári samkvæmt 1. áfanga og verði aflnotkun um 52MW „vegna tveggja ljósbolaofna“ og annars framleiðslu- og stjórnbúnaðar. Þá segir að verksmiðjan sé hönnuð með framtíðarstækkun í hluta „og feli 2. áfangi í sér tvo ofana af sömu stærð til viðbótar, sem auki framleiðslugetu í 66.000 tonn á ári [...]“

Starfsleyfistillagan er því að öllu leyti í samræmi við lög og rangt að einhvers konar ósamræmi sé til staðar.

Úrgangur

Af hálfu Landverndar er því haldið fram að misræmi sé á milli starfsleyfistillögu þar sem gert sé ráð fyrir því að spilliefni skuli ekki vera meiri en 2.500 tonn á ársgrundvelli, álitni Skipulagsstofnunar og matsskýrslu. Þannig segi í álitni Skipulagsstofnunar að engin spilliefni falli til við framleiðsluna. Hið sama segi í matsskýrslu, kafla 2.1, en í töflu 5 sé þó gert ráð fyrir allt að 3 tonnum af spilliefnum á ári.

Þeir efnisflokkar sem taldir eru eru upp í grein 3.15 í starfsleyfistillögu teljast ekki til spilliefna og kemur það hvergi fram. Virðist sem um misskilning sé að ræða. Komi upp tilfelli þar sem PCC getur ekki selt hluta efna, s.s. vegna gæða, var óskað eftir heimild til þess að farga efninu í viðurkenndri móttökustöð fyrir úrgang.

Við framleiðsluna sjálfa falla ekki til spilliefni, heldur er að hér um að ræða áætlað magn efna sem falla til við rekstur, og eru skilgreind sem spilliefni þegar þeim er fargað. Um er að ræða, olúefni, lökk og málningarefni, sumar tegundir rafhlaða sem eðlilegt er að falli til hjá svona rekstri. Tölulegar breytingar sem orðið hafa miðað að því að auka magn nýtanlegra aukaafurða og minnka magntölur.

Þá eru gerðar athugasemdir við kafla 7 í starfsleyfisumsókn þar sem vikið er að úrgangsefnum, svo sem að ekki verði séð hvernig efnin eru meðhöndluð. Hvað þetta varðar skal tekið fram að öllum úrgangi til förgunar eða endurvinnslu verður komið til þjónustuaðila með viðeigandi starfsleyfi. Athugasemdir hvað þetta varðar virðast byggjast á misskilningi. Bent skal á að Microsilica er svokallað kísilryk og mjög eftirsótt aukakafurð. Er því alls ekki um úrgang að ræða. Sama á við um deigluklæðingu, forskiljuryk og gjall. Sem dæmi má nefna að fyrirtækið Elkem fór nýlega að selja forskiljuryk, en áður hafði efninu verið fargað.

Hvað varðar flokkun úrgangs „eins og mögulegt er“ þá á slíkt við um almennan rekstarúrgang, umbúðir, bretti, rafeindaúrgang og slíkt.

Flutningur til og frá verksmiðju með hráefni, afurðir og úrgang

Ekki verður séð að fordæmi séu fyrir því að fjallað sé um flutninga eða þau atriði sem hér er vísað til af hálfu PCC í starfsleyfi. Bent skal á að starfsemi PCC hefur verið skilgreind sem innan viðkomandi lóðar. Fyrirtækið hefur ekki með höndum rekstur utan lóðar eða þá uppbyggingu sem þar fer fram. PCC kaupir þjónustu af höfn og flutningsaðilum eins og hvert annað iðnfyrirtæki hér á landi, en þeir aðilar þurfa að sjálfsögðu að uppfylla kröfur laga og reglugerða.


Bökun á fódringum og lyktarmengun – og eftirlit með því

Gerðar eru athugasemdir við greinar 3.19 og 3.20 í starfsleyfistillögu, einkum virðast greinarnar ekki nægilega skýrar að mati Landverndar. Af hálfu PCC eru ekki gerðar athugasemdir hvað þetta varðar, enda fellur það í hluti Umhverfisstofnunar að orða starfsleyfisskilyrðin. Þó skal tekið fram að skilyrðin eru að mati PCC nægilega skýr.

Samkvæmt öllu framangreindu telur PCC að ýmis atriði í athugasemdum Landverndar eigi ekki við rök að styðjast og geti þau því ekki haft áhrif við meðferð starfsleyfisumsóknarinnar.

Sé óskað skýringa eða athugasemda frá PCC verður að sjálfsögðu orðið við því.

Virðingarfyllst,



Hafsteinn Viktorsson

Forstjóri

PCC BakkiSilicon